



Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 07. desember 2017

Fundur skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps 07. desember 2017, haldinn í Miklagarði kl. 12:00

Mætt til fundar: Borghildur Sverrisdóttir, Baldur Kjartansson, Jakobína Ósk Sveinsdóttir, Heiðbjört Antonsdóttir, Höskuldur Haraldsson og Baldur H. Friðriksson.

Einnig sat fundinn Magnús Már Þorvaldsson er ritaði fundargerð.

Fyrir fundi lá mál sem var á dagskrá skipulags- og umhverfisnefndar þann 28. nóvember sl. en var frestað til næsta fundar.

Dagskrá:

1. mál: Deiliskipulagsbreyting á hafnarsvæði Vopnafjarðar – Í vinnslu er deiliskipulagsbreyting á hafnarsvæði Vopnafjarðar hjá YRKI ark. Skv. skeyti Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur landsl.ark. hafa spurningar vaknað við vinnuferlið og þær hér með til umræðu í skipulags- og umhverfisnefnd. Meðf. er einnig svar Sigurðar Jónssonar bygg.flltr. við skrifum Sigurborgar Óskar.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir samhljóða að unnið verði nýtt deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið og að eldra skipulag verði felld úr gildi. Nefndin leggur til að skilið verði á milli athafnasvæðis HB Granda og verndarsvæðis og unnin verði ný skipulagsáætlun.

Hjálagt eru svör nefndar við fyrirspurnum Sigurborgar Óskar skv. beiðni sveitarstjóra að nefndin gerði.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og samhljóða samþykkt - fundi slitið kl. 13:05